

Ed.

91. Frumvarp til laga

[89. mál]

um breyting á lögum nr. 4 1. febrúar 1980 og lögum nr. 29 3. maí 1982, um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982).

1. gr.

7. gr. laga nr. 4/1980 orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1982 orðist svo:
Ef afli grásleppubáts er minni en 10 tonnur eða tilsvarendi samanlagt andvirði grásleppuafurða, verður ekki um bótaskyldu að ræða, nema um mjög alvarlegan aflabrest á bótasvæði sé að ræða, og sannað sé að viðkomandi hafi stundað veiðarnar sem aðalstarf eða aukabúgrein.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau ásamt öðrum gildandi breytingum á lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins inn í þau lög og gefa lögin út þannig breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Þegar verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins var sett á laggirnar með lögum nr. 4 1. febrúar 1980 var í 7. gr. laganna tekið fram, að ákvæði þeirra tæki til afla, er landað væri á árunum 1980 og 1981. Lögin sem slík hafa ekki fallið úr gildi og deildin hefur starfað síðan. Með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum hefur deildinni verið ráðstafað fé. Með lagabreytingu þessari er verið að fella niður tímatakmarkanir á greiðslum verðbóta, þannig að þær taki til afla þessa árs og framvegis.

Um 2. gr.

Þegar lögin nr. 29/1982 voru sett, og við undirbúning þeirra, var að sjálfsögðu stuðst við upplýsingar um grásleppuafla undanfarinna ára, þegar grásleppuveiðar hafa verið stundaðar reglulega og afli tiltölulega árviss. Af þeim upplýsingum var ekki unnt að gera sér fulla grein fyrir því, hversu alvarlegur aflabrestur gæti orðið. Þótti því rétt að leggja áherslu á að tryggja hagsmuni þeirra, sem stunda grásleppuveiðar sem atvinnu eða aukabúgrein í þeim skilningi, að það skipti verulegu máli fyrir afkomu þeirra, en lögin tækju ekki til þeirra manna, sem stunduðu grásleppuveiðar sem algera aukavinnu eða ígripavinnu. Með þetta í huga og til þess að koma í veg fyrir misnotkun var ákveðið í 2. gr. laganna nr. 29/1982, að eigi skyldi vera um bótaskyldu Aflatryggingasjóðs að ræða, ef afli báts á heilli vertíð yrði minni en 10 tonnur grásleppuhroga.

Nú brá hins vegar svo við, að mjög alvarlegur aflabrestur varð á þessu ári og raunar miklu meiri en menn gátu átt von á. Grásleppuveiðimenn víða um land þraukuðu þó við

veiðarnar í von um, að afli glæddist þegar á grásleppuvertíðina liði. Mjög víða brást þessi von og margir grásleppuveiðimenn urðu því fyrir þungum búsigjum og náðu ekki tilskildum lágmarksafla.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að gera kleift að bæta skaða þessara manna eftir því sem ákvæði laga um Aflatryggingasjóð veitir heimild til.

Eins og kunnugt er er Aflatryggingasjóður í umsjá Fiskifélags Íslands og undir sérstakri stjórn. Fiskifélagið hefir í sinni þjónustu trúnaðarmenn um land allt, sem m. a. fylgjast með veiðum og aflabroðum og geta haft vitneskju um það, hvernig veiðar eru stundaðar. Gengið er út frá, að Fiskifélagið muni leita til þessara trúnaðarmanna sinna til að afla upplýsinga um hvort þeir grásleppuveiðimenn, sem sækja um bætur samkvæmt ákvæði þessu, fullnægi því skilyrði, að þeir hafi stundað veiðarnar sem aðalatvinnu. Ennfremur kemur hér til að skylda er að skila nákvæmum skýrslum um veiðarnar. Upplýsingar trúnaðarmanna Fiskifélags Íslands og skýrslur grásleppuveiðimanna ættu að geta komið í veg fyrir að til misnotkunar komi vegna tilslökunar þessarar.

Um 3. gr.

Í gildi eru nú sex lög auk þessara, ef samþykkt verða, um breyting á lögum Aflatryggingasjóðs. Eru það lög nr. 27/1976, 5/1976, 13/1976, 4/1980 og 29/1982. Lagt er til að lög þessi verði öll felld inn í lögin frá 1971 og þau gefin út þannig breytt. Er það augljóst hagræði.